



MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf við starfsfólk og foreldra vegna endurbóta á Fossvogsskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 25. febrúar 2020 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði í fullu samstarfi við fulltrúa starfsfólks og foreldra Fossvogsskóla varðandi endurbætur við skólann. Þá er jafnframt lagt til að komið verði á samstarfsvettvangi ofangreindra aðila við fulltrúa fagmanna og úttektaraðila sem unnið hafa að endurbótum og gert hafa mælingar og úttekt á skólahúsnæðinu og aðra þá fagaðila sem komið hafa að verkinu. Ennfremur er mikilvægt að allar upplýsingar um framkvæmdina verði aðgengilegar fulltrúum foreldra og starfsfólks.

Tillagan var ítrekuð á fundi sem haldinn var 26. maí 2020:

Ítrekuð tillaga frá 25. febrúar 2020 en þar var lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði í fullu samstarfi við fulltrúa starfsfólks og foreldra Fossvogsskóla varðandi endurbætur við skólann. Þá er jafnframt lagt til að komið verði á samstarfsvettvangi ofangreindra aðila við fulltrúa fagmanna og úttektaraðila sem unnið hafa að endurbótum og gert hafa mælingar og úttekt á skólahúsnæðinu og aðra þá fagaðila sem komið hafa að verkinu. Ennfremur er mikilvægt að allar upplýsingar um framkvæmdina verði aðgengilegar fulltrúum foreldra og starfsfólks. Þremur mánuðum eftir að tillagan var lögð fram hefur hún ekki verið tekin á dagskrá. Þennan tíma hefur óvissa foreldra og barna í Fossvogsskóla um málefni skólans aukist mikið.

Fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar (USK), sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs (SFS) og skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu SFS funduðu með skólaráði Fossvogsskóla um stöðu framkvæmda og samráðs á fundi fimmtudaginn 28. maí sl.

Á fundinum var í meginatriðum fjallað um framvindu húsnæðismála skólans frá því að framkvæmdir hófust þar síðasta vor og samskipti liðinna mánaða á milli allra aðila. Á fundinum voru ákveðin næstu skref í framkvæmdum og fest niður fyrirkomulag samráðs þessara aðila.

Fram kom að almenn ánægja sé með allar þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í fram að þessu, þó óvissa sé um hvort nægjanlega langt hafi verið gengið í öllum tilvikum. Fulltrúar USK og SFS þökkðu góðar ábendingar frá starfsfólki og foreldrum um húsnaði skólans. Sammælt var um að USK fengi Verkís aftur að verkinu. Hlutverk sérfræðinga þeirra er þá að beina sjónum að tilteknum rýmum skólans sem starfsmenn og foreldrar hafa óskað eftir að skoðuð verði sérstaklega með tilliti til heilnæmis og að kanna hvort mögulegt sé að við fyrri athuganir hafi þeim yfirsést eitthvað.

Samþykkt var að skólastjóri beri ábyrgð á því að safna saman ábendingum varðandi heilnæmi húsnaðisins frá starfsfólki og foreldrum. Eiga þær bæði við um rými sem álitid er að kanna þurfi betur og eins þau rými sem litið hefur verið til að séu heilnæm eftir aðgerðir síðasta árs. Rætt var um að áætlun um framkvæmdir verði gerð með hliðsjón af niðurstöðum Verkís til viðbótar við þær aðgerðir sem gripið verður til í sumar. Lögð er áhersla á að mögulegum endurbótum verði lokið fyrir skólabyrjun í ágúst 2020. Eðlilegt er að tímaramminn sé settur fram með fyrirvara um umfang þeirra framkvæmda sem mögulega verður ráðist í.

Ákveðið var að fulltrúar frá SFS og USK fundi með skólaráði Fossvogsskóla á u.þ.b. hálfmánaðar fresti á meðan framkvæmdir standa yfir eða eftir því sem aðstæður krefjast að mati málsaðila. Skólastjóri hefur það hlutverk að miðla upplýsingum á milli SFS/USK og svo skólaráðs Fossvogsskóla.

Í fundargerð sem skólastjóri Fossvogsskóla ritaði kemur fram að fundarmenn voru sammála um að af framangreindu megi vera ljóst að umfang þeirra verka sem nú verður ráðist í er talsvert og að skýr vilji er til þess af hálfu skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs að ná utan um þau og vinna að þeim áfram.

Fylgiskjöl:

Bréf skólastjóra Fossvogsskóla til foreldra barna í Fossvogsskóla, dags. 30. maí 2020

Minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 17. maí 2020

Minnisblað Verkís, dags. 6. ágúst 2019.

Reykjavík, 30. maí 2020

Kæru foreldrar,

Fimmtudaginn 28. maí var haldinn fundur um skólahúsnæði Fossvogsskóla. Fundinn sátu fulltrúar frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar [SFS], umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar [USK] og skólaráð Fossvogsskóla.

Á fundinum var í meginatriðum fjallað um framvindu húsnæðismála skólans frá því framkvæmdir hófust þar síðasta vor og samskipti liðinna mánaða á milli allra aðila. Í samtalinu var meðal annars vísað til bréfs sviðsstjóra SFS frá 26. febrúar til formanns foreldrafélags skólans þar sem segir:

„Ljóst er að skóla- og frístundasvið mun ekki koma með tilmæli þess efnis að hefja eigi starf á ný í Vesturlandi að svo komnu máli. Fyrst er að bregðast við öllum ábendingum og síðan að gera úttekt á húsnæðinu. Þá verða tekin sýni á ný í byggingunni t.d. í Vesturlandi og heimilisfræðistofu til þess að taka af allan vafa. Skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið hafa einsett sér að tryggja gæði skólahúsnæðisins og lagfæra allt sem gagnreyndar sýnatöku- og ræktunar- aðferðir leiða í ljós að þurfi að lagfæra.“

Á fundinum kom fram að almenn ánægja sé með allar þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í fram að þessu þó óvissa sé um hvort nægjanlega langt hafi verið gengið í öllum tilvikum. Fulltrúar USK og SFS þökkðu góðar ábendingar frá starfsfólki og foreldrum um húsnæði skólans. Sammælt var um að USK fengi Verkís aftur að verkinu. Hlutverk sérfræðinga þeirra er þá að beina sjónum að tilteknum rýmum skólans sem starfsmenn og foreldrar hafa óskað eftir að skoðuð verði sérstaklega með tilliti til heilnæmis og að kanna hvort mögulegt sé að við fyrri athuganir hafi þeim yfirsést eitthvað.

Samþykkt var að skólastjóri beri ábyrgð á því að safna ábendingum varðandi heilnæmi húsnæðisins frá starfsfólki og foreldrum saman. Eiga þær bæði við um rými sem álitid er að kanna þurfi betur og eins þau rými sem litið hefur verið til að séu heilnæm eftir aðgerðir síðasta árs. Rætt var um að áætlun um framkvæmdir verði gerð með hliðsjón af niðurstöðum Verkís til viðbótar við þær aðgerðir sem gripið verður til í sumar og tengjast loftglugga í Vesturlandi og gaflglugga í Austurlandi. Lögð er áhersla á að mögulegum endurbótum verði lokið fyrir skólabyrjun í ágúst 2020. Eðlilegt er að tímaramminn sé settur fram með fyrirvara um umfang þeirra framkvæmda sem mögulega verður ráðist í.

Á fundinum var ákveðið að fulltrúar frá SFS og USK funduðu með skólaráði Fossvogsskóla á um það bil hálfmánaðar fresti á meðan framkvæmdir stæðu yfir

eða eftir því sem aðstæður krefjast að mati málsaðila. Skólastjóri hefur það hlutverk að miðla upplýsingum á milli SFS/USK og svo skólaráðs Fossvogsskóla.

Af framangreindu má vera ljóst að umfang þeirra verka sem nú verður ráðist í er talsvert og að skýr vilji er til þess af hálfu skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs að ná utan um þau og vinna að þeim áfram.

Með kveðju,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir,
skólastjóri Fossvogsskóla



Minnisblað

Fossvogsskóli rakaskemmdir

Almennt

Varðandi sýnatökur þá skoðuðu myglusérfræðingar Verkís öll rými skólans ítarlega og ákváðu við þá skoðum hvar átti að taka sýni og hvar ekki. Sýnin voru send til Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ/Guðríður Gyða sveppa-fræðingur) til greiningar. Tekin voru loftskýni (L) og snertisýni (S skálasýni). Fyrir framkvæmdir voru tekin 107 snertisýni og 77 loftskýni. Á verktímanum voru tekin 20 snertisýni og 5 borkjarnar til viðbótar og send til sýnatöku. Einnig var ráðist í umfangsmiklar úrbætur og breytingar á byggingareðlisfræði byggingarinnar og hljóð- og innivist. Mikið af upplýsingum, fundargerðum, minnisblöðum ofl. um framkvæmdirnar eru á PIAB verkefnavef RVK sem skólastjórnendur hafa haft aðgang frá upphafi verks. Sjá skjáskot af möpputré hér til hliðar.

Upplýsingar um framvindu verks voru öllum opnar í framkæmdasjá Reykjavíkurborgar eins og kynnt var á fundum með foreldrum.

<https://reykjavik.is/framkvaemdasjain/fossvogsskoli-endurbaetur>.

- ▶ Vinnusvæði
 - ▶ Leiðbeiningar (12)
 - ▶ Skýrslur (0)
 - ▶ Ruslakarfa
 - ▶ 01 Bakgrunngögn
 - ▶ 02 Fundir
 - ▶ 20 Uppstartfundur (1)
 - ▶ 21 Hönnun (2)
 - ▶ 22 Verkfundir (22)
 - ▶ 23 Aðrir fundir (1)
 - ▶ 03 Myndir
 - ▶ 30 2019 Maí (24)
 - ▶ 31 2019 júní (56)
 - ▶ 32 2019 Júlí (34)
 - ▶ 33 2019 Ágúst (21)
 - ▶ 34 2019 September (25)
 - ▶ 35 2019 Október (2)
 - ▶ 04 Samskipti
 - ▶ 40 Undirbúningur (0)
 - ▶ 41 Hönnuður (0)
 - ▶ 42 Rakaskemmdir (23)
 - ▶ 43 Minnisblöð (14)
 - ▶ 44 Skóladagatal (1)
 - ▶ 05 Vinnugögn
 - ▶ 55 Aðgengismál (4)
 - ▶ 50 Undirbúningur
 - ▶ 51 USK
 - ▶ 52 Frumgögn
 - ▶ 53 Tækningar
 - ▶ 54 Útboðsgögn
 - ▶ 06 Kynningar

Aðkoma verktaka og sérfræðinga

Verktakinn Árni Sveinbjörnsson húsasmíðameistari og hans menn framkvæmdu alla vinnu/aðgerðir skv. almennu verklagi NÍ og sértæku verklagi Verkís.

Verkefnastjóri var Kristján Sigurgeirsson USK.

Daglegur eftirlitsmaður var Kristinn J. Gíslason frá KJG Ráðgjöf fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Verkís sá um alla sýnatöku á verkstað og fulltrúi Verkís kom reglulega á verkstað til eftirlits og samráðs og sat reglulega fundi á verkstað með fulltrúum USK. Hann hafði einnig ítarlegt eftirlit á þeim framkvæmdum sem tengdust rakaskemmdum og myglu.

Á verktímanum voru haldnir 25 formlegir verkfundir.



Aðkoma Verkís

Í lokaúttektarskýrslu Verkís kemur fram hvernig verklagi var háttað og þar kemur eftirfarandi fram:

- Eftirfylgni að viðgerðir skemmdra svæða fari rétt fram (Starfsmenn Verkís Indriði Niésson og Stefán Andrésson).
- Umfang verksins jókst verulega eftir að framkvæmdir hófust.
- Ýmislegt kom í ljós við opnun byggingarhluta.
- Ítarlegt eftirlit var með allri framkvæmdinni með hagsmuni allra að leiðarljósi, sérstaklega þeirra sem læra og starfa í skólanum.
- Skilgreiningar á skemmdu byggingarefni
- Stærð svæða skilgreind
- Ástæður skemmda metnar
- Umfang viðgerða
- Áframhaldandi mat á byggingareðlisfræðilegum úrbótum.
- Framkvæmd
- Förgun
- Þrif
- Uppbygging
- Þrif

Sýnataka – Úttektir Verkís

Hér má sjá upplýsingar úr úttektarskýrslu Verkís um loftsýni og snertisýni sem send voru til NÍ.

Loftsýni

- Tekin eru loftsýni af rýmum – lítið notað og eru ekki nákvæm
- Niðurstaðan úr þeim sýnir hve mikið af myglu er í hverjum rúmmetra af lofti á þeim stað og þeim tíma sem þau eru tekin.

Snertisýni

- Tekin eru snertisýni af grunsamlegum stöðum.
– Raki, flögnun, skemmdir, veikir punktar o.s.frv.
- Yfirborðssýni sem eru ræktuð í 25°C í 120 klst með Rose Bengal æti.



Hér er dæmi um það þegar úttekt Verkís leiddi í ljós að ekki hafði náðst tilskilinn árangur en þá voru tekin viðbótarsýni. Eitt sýnanna mældist ekki hreint og gerði Verkís þá kröfu að gripið yrði til enn frekari aðgerða sem var gert.

Númer	Lýsing	Aðgerð	Staða
1	Bókasafn, gólf	Slipun lokið mælist hreint, uppbygging hafin	Lokið
2	Bókasafn, gólf	Slipun lokið mælist hreint, uppbygging hafin	Lokið
3	Heimilisfræði	Fjarlægging einangrunar neðan glugga og tímurs í stökkum slipun plötu ~ 20 mm í 1 m út frá gluggum.	Lokið*
4	Kennarastofa	Mælist hreint uppbygging hafin	Lokið
5	Skólastofa	Mælist hreint uppbygging hafin	Lokið

*Gerð var krafa um frekari framkvæmdir byggð á niðurstöðum sýnatöku. Þetta var eina sýnið sem ekki mældist hreint.

Uppfærsla 2019-08-06 sýni 3: Öll opnun veggja var þríf vandlega. Gólf var slipað niður meðfram gluggum, skemmt svæði fjarlægð og allt þrifið vandlega. Tímur í stökkum var endurnýjað.



Hreinsun – Förgun

Rétt er áréttá það að ekki er alltaf nauðsynlegt að fjarlægja alla byggingahluta sem sem mælast ekki hreinir. Mæligildi myglu segja til um hvað eigi að hreinsa og hverju skuli farga. Dæmi:

S48	Undir sólbekk í herb. nr. 5.05	11	Hreinsa svæði
S49	Gólf undir glugga í herb. nr. 5.05	12	Hreinsa svæði
S50	Undir sólbekk í herb. nr. 5.05	23	Aðgerðir nauðsynlegar
S51	Gólf í miðju herb. nr. 5.05	86	Aðgerðir nauðsynlegar

Loftræsing - Innivist: Nýjar loftræsisamstæður voru settar í Megin- og Vesturland og eru þær mun afkastameiri en gömlu samstæðurnar. Því hefur innivist í þessum álmum batnað verulega.

Svör við tölvupósti Karls Óskars Þráinssonar, dags. 14. maí 2020

Vesturland:

1. Þak yfir miðrými og kennslustofum. Ekki nóg að fjarlægja loftaplötur og laga glugga. Það þarf að fjarlægja allt rakaskemmt efni úr þakinu eftir að lak með glugga í þaki í margar vikur og mánuði eftir viðgerðir. Mikilvægt að rakavarnarlag í þaki sé skothelt. Opna þarf upp í þakið og skoða, rakamæla og taka sýni úr byggingarefnum þar.

Svar: Ekkert annað efni en listar og loftaplötur við steiptan vegg voru úttsett fyrir raka nema lekastaður gluggans og verður hann endurnýjaður í sumar. Lekinn með glugganum skilaði sér niður í rakavarnarlagið (sem límt var utaná hlið gluggans) og lak síðan að burðarvegg og þaðan niður vegginn. Kantar á loftaplötum og vegglistar sem lágu að vegg á lekastað blotnuðu. Því efni var fargar og settar nýjar loftaplötur og listar. Rakavarnarlag þaksins var tekið út í verklok og reyndist í lagi.

2. Anddyri. Leki eftir viðgerðir sem þarf að laga og fjarlægja allt rakaskemmt efni.

Svar: Í Vesturlandi fannst einn leki sem kom úr loftræsirými og lak í gegnum loftaklæðningu niður á mitt gólf. Skipt var um öll loft í anddyrum Vesturlands.

3. Gólf þarf að skoða þar sem lekið hefur frá lofti. Mikilvægt að rakamæla svæði á gólfi í Vesturlandi þar sem lekar komu í ljós þar sem vatn leitar niður og situr oft undir dúk og myndar myglu.

Svar: Gólfið var rakamælt en gólfdukur er nýr og ekki líkur á að vatn hafi komist undir gólfduki. (Gólfdukurinn er þvottaheldur og þolir að hann sé þveginn með gólfþvottavél, því fylgir talsverður raki og vatn).

4. Skriðkjallari.

Svar: Engar mælingar voru gerðar af Verkís í skriðkjallara. Skriðkjallari var skoðaður af KJG á sínum tíma og fundust engin ummerki um leka eða raka. Árni Sveinsbjörnsson hafði áður skoðað skriðkjallarann og fann engan leka eða raka.

5. Vegghlutar sem standa næst þaki. Sérstaklega í veggjum á milli kennslustofa og miðrýmis þar sem roti í þaki lá upp að þeim í tugi ára.

Svar: Þegar búið var að fjarlægja eldri þakklæðningu af þaki Vesturlands var brotið ofan af vegghlutum. Sett var ný þakklæðning, nýjar sperrur og brotið ofan af steiptum vegghluta.



Meginland:


1. Heimilisfræðistofan, t.a.m. útveggir, gólfplata, innréttingar

Svar: Farið var í að laga leka glugga, múrbrot/slípun útveggja, gólfplata slípuð ca. 1 meter frá útvegg, allt hreinsað, málað, settir nýjir sólbekkir og gólf dúkalagt. Mælingar loftgæða áður en framkvæmdir hófust: L34 og L35 voru skv. skýrslu Verkís „Í góðu lagi“.

L34	Inn í framreiðslueldh. hægra megin	0	Í góðu lagi
L35	Inn í framreiðslueldh. vinstra megin	0	Í góðu lagi

Mælingar snertisýna áður en framkvæmdir hófust: S47, S48 og S49 kölluðu á hreinsun og S50 og S51 kölluðu á aðgerðir sem Verkís lagði til. Önnur sýni voru í góðu lagi. Salernisaðstaða var endurnýjuð.

S45	Veggur undir glugga í herb. nr. 5.05	4	Í góðu lagi
S46	Gólf í herb.nr. 5.05 hægra megin	7	Í góðu lagi
S 47	Veggur undir sólbekk í herb. nr. 5.05	15	Hreinsa svæði
S48	Undir sólbekk í herb. nr. 5.05	11	Hreinsa svæði
S49	Gólf undir glugga í herb. nr. 5.05	12	Hreinsa svæði
S50	Undir sólbekk í herb. nr. 5.05	23	Aðgerðir nauðsynlegar
S51	Gólf í miðju herb. nr. 5.05	86	Aðgerðir nauðsynlegar
S52	Sólbekkur í miðju herb. nr. 5.05	5	Í góðu lagi
S53	Gólf við sólbekk í miðju herb. nr. 5.05	2	Í góðu lagi





2. Leikfimisalur


Svar: Tvö sýni voru tekin í leikfimisal, eitt loftskýni og eitt snertisýni og voru þau í góðu lagi. Sýni L 30 er úr lyftu. Engra aðgerða var því þörf vegna myglu.

L63	Inn í rými nr. 3.20 leikfimisalur	10	Í góðu lagi
-----	-----------------------------------	----	-------------

S86	Þröskuldur inn í búningsherb. rými nr. 3.10	2	Í góðu lagi
-----	---	---	-------------

Gert var við ytri hluta þaks og glugga leikfimisalar sem verktakinn Hlynur ehf. vann undir eftirliti Verkfærðistofunnar Eflu.

Innahúsframvæmdir í leikfimisal voru þessar: skipt var um einangrun þaks (sperrur síkkaðar niður), sett nýtt rakavarnarlag, ný raflagnagrind, settar nýjar hljóðdeyfiplötur í loft, raflagnir og lýsing endurnýjuð í LED.



3. Búningsklefar, mikil fúkkalykt og miklar rakaskemmdir í loftaplötu undir búningsklefum.

Svar: Fúkkalyktin kemur úr tónum vatnslásnum í sturtuklefum, vegna notkunarleysis. Hérna þarf starfsmaður skólans (húsvörður) að fylgjast með vatnslásunum.

Loft undir sturtuklefum var hreinsað, málað og þrifið strax og geymslan var tæmd. Einnig voru veggir málaðir og gólf dúklögð. Engar rakaskemmdir voru í veggjum og á gólfi.


Sýnatökur: Fjögur loftskýni voru tekin og reyndust þau í góðu lagi. Sex snertisýni voru tekin og kölluðu þrjú sýnanna á hreinsun sem var framkvæmd.

S88	Gluggasýlla vinstra megin rými nr. 3.19	14	Hreinsa svæði
S89	Gluggasýlla fyrir miðju	8	Í góðu lagi
S90	Gluggasýlla hægra megin	12	Hreinsa svæði
S91	Við gólf vinstra horn	14	Hreinsa svæði
S92	Veggur yfir ofni v/megin í rými nr. 3.19	3	Í góðu lagi

L59	Inn í rými nr. 3.14 þurrkerb.vinstra megin	30	Í góðu lagi
L60	Inn í rými nr. 3.14 þurrkerb.hægra megin	30	Í góðu lagi
L61	Inn í rými nr. 3.19 búningsherbergi	35	Í góðu lagi
L62	Inn í rými nr. 3.18 wc	35	Í góðu lagi

4. Geymsla við hliðina á matsal (undir búningsklefum), miklar rakaskemmdir í lofti sem sem var málað yfir án sýnatöku.

Svar: Þessi geymsla var látin bíða til verkloka að beiðni Aðalbjargar fyrrverandi skólastjóri vegna þess að hún ætlaði að setja gamla muni úr geymslu á minjasafn skólans. Ingibjörg núv. skólastjóri lét fjarlægja alla muni úr geymslunni um síðustu áramót og var þá ráðist í aðgerðir sem byggðust á niðurstöðum mælinga.



Sýnatökur: Tekin voru tvö loftskýni sem voru í góðu lagi og tvö snertisýni sem einnig reyndust í lagi. Engu að síður var skipt um allt efni í lagnastokkum eins og víða annars staðar í skólanum.

S26	Veggur við glugga vinstra megin við útvegg í stofu nr.4	0	Í góðu lagi
S27	Gólf hægra megin við útvegg	1	Í góðu lagi


L26	Inn í tónlistarherb.nr. 1.15 hægra megin	15	Í góðu lagi
L27	Inn í tónlistarherb.nr. 1.15 vinstra megin	5	Í góðu lagi

Síðar kom í ljós að Verkís hafði yfirsést að taka tvö sýni af gömlum minniháttar leka með lögnum og kísilútfellingu í lofti og var því ráðist í samskonar aðgerðir og notaðar höfðu verið á sambærilegar rakaskemmdir þ.e. að fletir voru slípaðir niður í stein, hreinsaðir og endurmálaðir.

5. Námsver- Tölvuver

Svar: Tekin voru tvö loftsýni í tölvuveri L21 og L22 og og reyndust þau í góðu lagi. Því var ekki farið í neinar aðgerðir í tölvuveri.


L21	Inn í tölvuveri nr. 2.01 horn hægra megin	5	Í góðu lagi
Sýnatökunúmer fyrir Fossvogsmúli (10 70 384) Skoð			
Vanta nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 44, 45, 46, 47, 48, 49, 50, 51, 52, 53, 54, 55, 56, 57, 58, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 76, 77, 78, 79, 80, 81, 82, 83, 84, 85, 86, 87, 88, 89, 90, 91, 92, 93, 94, 95, 96, 97, 98, 99, 100			
L22	Inn í tölvuveri nr. 2.01 horn vinstra megin	5	Í góðu lagi



6. Myndmenntastofa


Svar: Tvö loftsýni voru tekin í myndmennt og reyndust þau í góðu lagi og kölluðu því ekki á neinar aðgerðir.

L28	Inn í myndmenntastofu nr. 2.02 vinstra megin	5	Í góðu lagi
L29	Inn í myndmenntastofu nr. 2.02 hægra megin	0	Í góðu lagi



7. Anddyri að austanverðu í leikfimissal, skyggnið sérstaklega og útveggir, tengist heimilisfræðistofu beint fyrir ofan.

Svar: Verkís sá ekki ástæðu til að taka sýni í anddyri og því engar framkvæmdir/aðgerðir gerðar.



Austurland:

1. Austurhlið. Staðfest mygla var lokuð inni í austurhliðinni og á eftir að klára lagfæringar.

Svar: Farið verður í að skoða Austurhliðina þegar skólastarfi líkur í sumar.

2. Stofur á efri hæð sem liggja að austurhliðinni.





Svar: Tekin voru sex snertisýni og tvö loftskýni. Loftskýnin reyndust í lagi og eitt snertisýni var í góðu lagi en hin kölluðu á aðgerðir. Farið var í að skipta var um sólbekki, gólfdukur fjarlægður að hluta, gólf slípuð og þrifin. Sjá einnig skjáskot úr lokaúttektarskýrslu Verkís sem sá um lokaúttektir á aðgerðum/endurbótum hér að neðan (Lokið).

L49	Inn í rými nr. 4.52	10	Í góðu lagi
L50	Inn í rými nr. 4.54	45	Í góðu lagi

S71	Stofa, veggur við gólf	24	Þrif	Lokið
S72	Stofa, sólbekkur	>100	Lokið	Lokið
S73	Stofa, gólf undir dúk	>100	Fjarlægja dúk 30 cm út fyrir skemmdir sbr merkingar. Kalla til eftirlit eftir opnun. Slípun, þrif, dúkklagning.	Lokið
S74	Stofa, veggur við gólf	52	Fjarlægja dúk 30 cm út fyrir skemmdir sbr merkingar. Kalla til eftirlit eftir opnun. Slípun, þrif, dúkklagning.	Lokið
S75	Stofa, gluggi	>100	Lokið	Lokið

3. Veggir og gólf í hálfniðurgröfnum stofum á vesturhlið. Allan veturinn liggur afkróað yfirborðsvatn að veggjum þessara stofa.

Svar: Síðastliðið sumar var grafið niður á lagnir, niðurfall sem hafði slitnað frá lögnum vegna jarðsigs var tengt, veggir meðhöndlaðir, settur takkadúkur og flyllt yfir. Ekkert yfirborðsvatn lá afkróað að veggjum þessara stofa síðastliðinn vetur.

4. Leki í lofti á palli hjá bókasafni.

Svar: Hér er ekki um þakleka að ræða heldur leka sem stafaði af því að í einu fárviðrinu síðasta vetur hafði skafið inn á loftræsítúðu/þakblásara. Loftræsisamstæða hafði ekki verið í gangi og þegar hún var sett í gang bráðnaði þessi snór og kom niður sem lekasmit.

Aðgerðir: Sett var lekapanna undir loftræsítúðuna/þakblásarann.

Niðurlag

Að ofanskráðu má sjá að mjög faglega hefur verið staðið að rannsóknum, úrvinnslu sýna, verkframkvæmd og eftirliti með framkvæmdum. Staðfest er að allir sem komu að þessu ferli hafa viðtæka margra ára reynslu á viðfangsefninu, hver á sínu sviði.

17. maí 2020

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds
Agnar Guðlaugsson, deildarstjóri byggingadeildar
Kristján Sigurgeirsson, verkefnastjóri
Kristinn J. Gíslason, daglegur eftirlitsmaður, KJG ráðgjöf ehf

Hjálagt:

- Tölvupóstur Karls Óskars Þráinssonar, dags. 14. maí 2020
- Verkís. Minnisblað dags. ágúst 2019, uppfært september 2019



Frá: karl@skogur.com <karl@skogur.com>

Sent: fimmtudagur, 14. maí 2020 11:47

Til: Skúli Þór Helgason <Skuli.Helgason@reykjavik.is>

Afrit: Diljá Ámundadóttir Zoega <Dilja.Amundadottir@reykjavik.is>; Ingibjörg Ýr Pálmadóttir <Ingibjorg.Yr.Palmadottir@rvkskolar.is>; Sigríður Arndís Jóhannsdóttir <Sigridur.Arndis.Johannsdottir@reykjavik.is>; Alexandra Briem <Alexandra.Briem@reykjavik.is>; Marta Guðjónsdóttir <Marta.Gudjonsdottir@reykjavik.is>; Valgerður Sigurðardóttir <Valgerdur.Sigurardottir@reykjavik.is>; Egill Þór Jónsson <Egill.Thor.Jonsson@reykjavik.is>; Ólöf Örvarsdóttir <olof.orvarsdottir@reykjavik.is>; Helgi Grímsson <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>; Dagur B Eggertsson <dagur.b.eggertsson@reykjavik.is>; 'Ragnar Björgvinsson' <ragnar@fosslogmenn.is>
Efni: Fossvogsskóli: Ábendingar foreldra um svæði til sýnatöku

Sæl Skúli,

Við foreldrar höfum sett saman lista yfir svæði sem höfum áhyggjur af og teljum bráðnauðsynlegt að skoðuð verði í sýnatöku. Við veitum fúslega nánari upplýsingar um af hverju við höfum áhyggjur af þessum svæðum, ef ekki er skýrt í listanum. Tek sérstaklega fram að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða heldur leiðbeinandi fyrir næstu skref.

Með góðri kveðju,

Karl Óskar Þráinsson

formaður foreldrafélags Fossvogsskóla

s. 842-4114

Vesturland:

1. Þak yfir miðrými og kennslustofum. Ekki nóg að fjarlægja loftaplötur og laga glugga. Það þarf að fjarlægja allt rakaskemmt efni úr þakinu eftir að lak með glugga í þaki í margar vikur og mánuði eftir viðgerðir. Mikilvægt að rakavarnarlag í þaki sé skothelt. Opna þarf upp í þakið og skoða, rakamæla og taka sýni úr byggingarefnum þar.
2. Anddyri. Leki eftir viðgerðir sem þarf að laga og fjarlægja allt rakaskemmt efni.
3. Gólf þarf að skoða þar sem lekið hefur frá lofti. Mikilvægt að rakamæla svæði á gólfi í Vesturlandi þar sem lekar komu í ljós þar sem vatn leitar niður og situr oft undir dúk og myndar myglu.



4. Skriðkjallari.

5. Vegghlutar sem standa næst þaki. Sérstaklega í veggjum á milli kennslustofa og miðrymis þar sem roti í þaki lá upp að þeim í tugi ára.

Meginland:

1. Heimilisfræðistofan, t.a.m. útveggir, gólfplata, innréttingar

2. Leikfimisalur

3. Búningsklefar, mikil fúkkalykt og miklar rakaskemmdir í loftaplötu undir búningsklefum.

4. Geymsla við hliðina á matsal (undir búningsklefum), miklar rakaskemmdir í lofti sem sem var málað yfir án sýnatöku

5. Námsver

6. Myndmenntastofa

7. Anddyri að austanverðu á leikfimisal, skyggnið sérstaklega og útveggir, tengist heimilisfræðistofu beint fyrir ofan.

Austurland:

1. Austurhlið. Staðfest mygla var lokuð inni í austurhliðinni og á eftir að klára lagfæringar.

2. Stofur á efri hæð sem liggja að austurhliðinni.

3. Veggir og gólf í hálfniðurgröfnum stofum á vesturhlið. Allan veturinn liggur afkróað yfirborðsvatn að veggjum þessara stofa.

4. Leki í lofti á palli hjá bókasafni.

Almennt:

Aðstæður í botni Fossvogsdals eru almennt mjög óvinveittar húsbyggingum. Um er að ræða djúpa mýri og yfirborðsvatn stórs landsvæðis safnast fyrir þar. Fjöldi íbúðarhúsa í botni dalsins hefur verið endurgerður frá grunni eða hreinlega rifinn sem bein afleiðing af því að ekki var hugað nægilega að aðstæðum við byggingu húsanna. Að okkar mati þarf að gera rækilega könnun og sýnatöku á öllu jarðföstu byggingarefni til að útiloka að í sökklum og grunnplötu skólabygginganna leynist raki sem fæði örveruvöxt í burðarvirki þeirra. Einnig þarf að vera fullvíst að drenlagnir umhverfis húsin uppfylli nútímakröfur og búnaður til að veita vatni frá þeim sé nógu öflugur og virki sem skyldi. Einnig er bent



á að fráveituskurður Orkuveitunnar fyrir sunnan skólann er fullur af gróðri og virkar ekki lengur sem fráveita yfirborðsvatns. Kópavogsbær sem á landið hefur ekki samþykkt að endurgera hann sem yfirbyggða drenlögn. Þarna er mikilvægt að skera á hnút sem við skiljum ekki af hverju hnýttist.

FOSSVOGSSKÓLI

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 19030001

DAGS.: 2019-08-06

VERKHLUTI:

NR.:

HÖFUNDUR: Indriði Níelsson

DREIFING:

Efni: Aðgerðir - uppfærsla

Samstarf við verktaka hefur gengið vel. Með ítarlegri framkvæmdum hafa bæst við fleiri staðir sem þegar hafa verið lagfærðir eða er verið að lagfæra.

Í austurlandi og meginlandi er framkvæmdum að ljúka. Í skjalinu er talað um að framkvæmdum sé lokið og þá er átt við fjarlægingu skemmds efnis og þrif, en ekki lokaprif sem fara fram í verklok.

Á teikningunum eru staðirnir gulmerktir sem þörfuðust aðgerða, viðkomandi aðgerð er þvínæst skýrð í mjög grófum dráttum og viðgerðaraðferð auk stöðu sett inn.

Farið hefur verið í aðgerðir á öllum þeim stöðum sem sýni voru tekin af. Fleiri staðir bættust við og aðgerðir urðu mun umfangsmeiri en lagt var upp með í fyrstu.


Slíkt er ekki óvanalegt þegar skemmdir eru opnaðar.

2019-09-13: Nú þegar nærri þrjár vikur eru liðnar af skólastarfi virðast breytingar hafa heppnast afar vel. Nemendur og starfsfólk hafa tekið eftir gríðarlegum breytingum á innviðum byggingarinnar og á það eftir að batna enn betur er vesturland verður tekið í notkun.



Kjarnasýni greind hjá NÍ (Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir)


Sýni 3 er eina sýnið sem mældist skemmt. Sjá nánari greiningu hjá NÍ.



Númer	Lýsing	Aðgerð	Staða
1	Bókasafn, gólf	Slípun lokið mælist hreint, uppbygging hafin	Lokið
2	Bókasafn, gólf	Slípun lokið mælist hreint, uppbygging hafin	Lokið
3	Heimilisfræði	Fjarlæging einangrunar neðan glugga og timburs í stökkum slípun plötu ~ 20 mm í 1 m út frá gluggum.	Lokið*
4	Kennarastofa	Mælist hreint uppbygging hafin	Lokið
5	Skólastofa	Mælist hreint uppbygging hafin	Lokið

*Gerð var krafa um frekari framkvæmdir byggð á niðurstöðum sýnatöku. Þetta var eina sýnið sem ekki mældist hreint.


Uppfærsla 2019-08-06 sýni 3: Öll opnun veggja var þrifu vandlega. Gólf var slípað niður meðfram gluggum, skemmt svæði fjarlægð og allt þrifið vandlega. Timbur í stökkum var endurnýjað.





Meginland 2. hæð

S50	Undir sólbekk í herb. nr. 5.05	23	Sólbekkir þrífir og kantar hafa verið endurnýjaðir	Lokið
S51	Gólf í miðju herb. nr. 5.05	86	Dúkur hefur verið fjarlægður og flotað yfir – sjá einnig sýni 3 á bls 2	Lokið
S44	Gólf undir glugga í herb. nr. 5.06	22	Taka ofn, fjarlægja sökkuldúk og lok.	Lokið
S76	Kennarastofa, gólf (blettur)	22	Dúkur hefur verið fjarlægður.	Lokið
S79	Matsalur kennarast. loftaplata	>100	Loft fjarlægt og endurnýjað	Lokið
S80	Matsalur kennarast. súla milli glugga	38	Þrífa	Lokið
S81	Fundarherb. Bak við sökkul dúk	37	Taka ofna og fjarlægja sökkullök	Lokið
S82	Matsalur kennarast. biti yfir glugga	75	Loft fjarlægt og endurnýjað	Lokið
V1	Leki undir vaski í matsal		Fjarlægja lekan vask og allar skemmdir þar undir.	Lokið
V2	Fundarherbergi		Fjarlægja sökkullista, slípa, þrífa, endurnýja lista.	Lokið



Meginland 1.hæð		Verklýsing			
S41	Gólf í myndmenntast. nr. 2.02	26	Fjarlægja slípa, þrifa, lista.	sökkullista, endurnýja	lokið
S42	Bak við sökkul dúk nr. 2.02	37	Fjarlægja slípa, þrifa, lista.	sökkullista, endurnýja	lokið






	Meginland kjallari			
S31	Gólf í horni í aðstöðu heilsdagsskóla nr.1.13	39	Verður hluti af öðru verki, innsigla rými frá með plasti (rauður veggur)	Hluti af öðru verki
S32	Bak við sökkul dúk í aðstöðu heilsdagsskóla nr. 1.13	>100	Verður hluti af öðru verki, innsigla rými frá með plasti (rauður veggur)	Hluti af öðru verki
S35	Undir gólfdukk í herb. nr. 1.18	>100	Fjarlægja allt úr herbergi. Allan dúk, slípa gólf skemmda vegg, farga loftaklæðningu.	Hluti af öðru verki
S37	Gólf við S36 sýni herb. nr.1.15	37	Endurnýjun við innréttingu.	Lokið
S39	Gólf við karm fyrir framan framl. herb. nr 1.08	32	Skera upp dúk í hurðagati og fjarlægja skemmdir	Lokið
S100	Undir gólfdukk við ræstiskáp í rými nr. 1.14	>100	Fjarlægja allt úr herbergi. Allan dúk, slípa gólf skemmda vegg, farga loftaklæðningu.	Lokið
S101	Undir gólfdukk við ræstiskáp í rými nr. 1.14	>100	Fjarlægja allt úr herbergi. Allan dúk, slípa gólf skemmda vegg, farga loftaklæðningu.	Lokið
S102	Ofan á gólfdukk við ræstiskáp í rými nr. 1.14	>100	Fjarlægja allt úr herbergi. Allan dúk, slípa gólf skemmda vegg, farga loftaklæðningu.	Lokið
S103	Ofan á gólfdukk við ræstiskáp í rými nr. 1.14	13	Fjarlægja allt úr herbergi. Allan dúk, slípa gólf skemmda vegg, farga loftaklæðningu.	Lokið
S104	Ofan á gólfdukk við ræstiskáp í rými nr. 1.14	43	Fjarlægja allt úr herbergi. Allan dúk, slípa gólf skemmda vegg, farga loftaklæðningu.	Lokið
S105	Ofan á gólfdukk við ræstiskáp í rými nr. 1.14	42	Fjarlægja allt úr herbergi. Allan dúk, slípa gólf skemmda vegg, farga loftaklæðningu.	Lokið
S106	Undir skápum í matsal rými nr. 1.12	14	Færa innréttingu og þrífa á bakvið kalla í eftirlit er innrétting hefur verið færð frá	Lokið
S107	Undir skápum í matsal rými nr. 1.12	45	Færa innréttingu og þrífa á bakvið kalla í eftirlit er innrétting hefur verið færð frá	Lokið

Meginland kjallari

Í rými 1.14 vantar loftræsingum sem annar tækjum sem þar eru. Loftræsingum verður bætt við

Rauða línun merkir bráðabirgðavegg sem settur verður upp. Tryggja þarf að hann verði loftþéttur með plasti og við neyðarhurð verði frágangur með teipi.

Gæta þarf þess að ekki sé verið að draga loft úr viðkomandi rými.




Austurland efri hæð

S55	Veggur við gólf hægra megin í stigagangi	36	Utan: Opna klæðningu, fjarlægja allt skemmt timbur, opna vatnsbretti, og endurnýja það sem skemmt er, þrifa og endurbyggja með réttu sniði í samvinnu við eftirlit. Innan: Slípa vegg að innan neðan glugga. Fjarlægja lok til hliða, fjarlægja einangrun. Þríkantslisti undir stiga. Slípa allar rakaskemmdir í burtu + 30 cm. Fjarlægja múrfúgu sem liggur á stigapalli, setja í stað kítta og plastlista yfir.	Lokið
S57	Veggur við gólf vinstra megin í stigagangi	26		Lokið
S58	Gólf vinstra megin í stigagangi	30		Lokið



S71	Stofa, veggur við gólf	24	Þrif	Lokið
S72	Stofa, sólbekkur	>100	Lokið	Lokið
S73	Stofa, gólf undir dúk	>100	Fjarlægja dúk 30 cm út fyrir skemmdir sbr merkingar. Kalla til eftirlit eftir opnun. Slípun, þrif, dúklagning.	Lokið
S74	Stofa, veggur við gólf	52	Fjarlægja dúk 30 cm út fyrir skemmdir sbr merkingar. Kalla til eftirlit eftir opnun. Slípun, þrif, dúklagning.	Lokið
S75	Stofa, gluggi	>100	Lokið	Lokið
V3	Neðan við vask		Slípa trefjagifs, þrífa og mála	Lokið
V4	Aftan við salerni		Fjarlægja trefjagifs og gólfduk. Setja tvöfalt lag af sementsbundnum spónaplötum í staðinn, þannig að klósett-kassinn færir frá vegg og þétting verði ekki á bak við kassann. Skipta um lausan gólfduk og þrífa	Lokið



Austurland neðri hæð


S60	Í bókasafni, gólf vinstramegin við hurð	42	Slípað niður, þrifið og endurnýjað	Lokið
S62	Bókasafn, gólf í úthorni	30	Slípað niður, þrifið og endurnýjað	Lokið
S64	Bókasafn, sólbekkur	75	Sjá skýringu að neðan*	Lokið
S66	Bókasafn, gólf	26	Slípað niður, þrifið og endurnýjað	Lokið
S67	Smíðastofa, á gólfi í horni	>100	Fjarlægja parket og slípa í samræmi við skemmd á veggjum.	Lokið
S68	Smíðastofa, veggur í horni niðri	>100	Slípun lokið að innan, jarðvegsframkvæmdir + ídæling ofl að utanverðu.	Lokið



			Vantar takkadúk neðan sökkuls	
S69	Smíðastofa, veggur í horni uppi	75	Í stofu á efri hæð eru sökkullistar lausir í horni, þarf að endurnýja. Þessi framkvæmd er einnig háð jarðvegsframkvæmdum að utanverðu. Kalla til eftirlit við frekari opnun.	Lokið
V5	Aftan við salerni		Fjarlægja trefjagífs. Setja tvöfalt lag af sementsbundnum spónaplötum í staðinn, þannig að klósettkassinn færir frá vegg og þétting verði ekki á bak við kassann.	lokið

* þétting á milli glugga og steins er ekki í lagi. Skemmdir eru undir klæðningu að utanverðu.

Tillaga hefur verið lögð fram að bráðabirgðalausn með því að kítta meðfram öllum gluggarömmum og loka þeim með listum svo að loft berist ekki inn á bókasafn. Þessari aðgerð er lokið.



Vesturland

Í Vesturlandi hefur verið fyrirskrifað að loka af meginland og Vesturland á loftþéttan hátt. Setja þarf upp útsogsblásara í þakglugga til að tryggja undirþrýsting í rýminu, miðað við meginland.

S3	Veggur hjá glugga milli innganga hjá drengja wc	>100	Lokið
S14	Sökkull vinstri veggjar í stofu nr. 1	62	Lokið
S16	Loft í sal (lesstofa)vestur nr 4.01	38	Þaki skipt út. Framkvæmd í gangi
S20	Bak við ofn í stofu nr. 6	>100	Lokið
S21	Gólf við útvegg vinstramegni í stofu nr. 7	52	Lokið
S29	Gólf í SA horni í herb. nr. 4.05	22	Lokið



1.1 Hefðbundið aðgerðarplan fyrir innanhússviðgerðir sem þessar er eftirfarandi:

1. Afgjörðing svæðis.
 - a. Ramma skal hurð af með byggingaplasti a.m.k 0,2 mm og í því þarf að vera hurð með rennilás (fæst hjá Málningu hf).
 - b. Öll samskeyti skulu vera tryggilega límd með límbandi sem er þykkara en plastið.

2. Hreinlæti og hreinsun vegna rifts.
 - a. Gæta skal þess sérstaklega að ekkert ryk og engar agnir berist í aðliggjandi rými.
 - b. Rýmin skulu vera tóm við upphaf verks.
 - c. Ryksuga með HEPA filter skal ávallt vera á staðnum og gæta skal þess að halda undirþrýstingi á svæðinu.
 - d. Allan byggingarúrgang skal setja í svarta plastpoka.
 - e. Áður en byggingarúrgangur er fluttur út, skal setja nýjan plastpoka yfir og flytja tafarlaust út og á förgunarstað (af lóðinni).
 - f. Tímasetningar á flutningi byggingarúrgangs skal vinna í samvinnu við íbúa eða notendur húsnæðis og eftirlit.

3. Þar sem mygla greinist í veggjum svo aðgerðir séu nauðsynlegar, þarf að fjarlægja klæðningu inn að steiptum vegg sem og gólfefni á blautu svæði.
 - a. Umfang þeirrar klæðningu sem verður að fjarlægja verður að vinnast í samvinnu við umsjónar eða eftirlitsmann hverju sinni. Almennt er þó talað um 30-50 cm út fyrir rakt svæði.
 - b. Þar sem raki er víða og skemmdir umfangsmiklar þarf að taka ákvörðun um heildarhreinsun útveggja í einhverjum rýmum.
 - c. Verklag getur þurft að endurskoða eftir fyrstu framkvæmd.

4. Eftir að allt skemmt byggingarefni hefur verið flutt af verkstað, þarf að sótthreinsa yfirborð.
 - a. Umfang hreinsunar þarf að ákveða eftir að skemmdir koma í ljós.
 - b. Í sumum tilfellum þarf að slípa innsta lag útveggs með skífu, tengdri ryksugu.

5. Þrif á innviðum eftir að allt skemmt byggingarefni hefur verið fjarlægt.
 - a. Allt yfirborð þarf að þrifa með mygluhreinsandi efnum.
 - b. (Oxivir, Rodalon eða sambærilegt).

6. Uppbygging.
 - a. Ekki er hægt að hefja uppbyggingu fyrr en gert hefur verið við lekauppsprettu og svæðið að innanverðu er orðið þurrt.